

Strelna

Fish Partner býður veiðimönnum upp á ævintýrlega veiðiferð til Strelna í Rússlandi í júní 2019.

Strelna er fimmta stærsta áin á Kóla skaga og er afar afskekkt eins og margar ár á þessu svæði. Hún rennur um sunnanverðan skagann til sjávar í Hvítahaf. Veiðimenn eru hér algerlega einir í heiminum líkt og við þekkjum víða á Íslandi. Áin er hröð á köflum með fossum og flúðum sem hægja mjög á göngu laxins. Þegar gott vatn er í ánni á vorin stoppar laxinn lengi við flúðir og bunkast þar upp. Þá er hægt að gera fantaveiði. Tvær aðal göngur eru árlega í ánni; vor- og haustgöngur. Algeng veiði í júní eru fimm laxar á stöng á dag, oft meira og stundum minna. Meðalstærð á þessum tíma er um 4 kg en veiðast fiskar upp í 10 kg.



Strelna Camp

Strelna Camp er staðsett á eyri rétt við árbakkann og það tekur aðeins eina mínútu að ganga að ánni. Þar eru þrjú hús með þremur tveggja manna herbergjum, uppabúnum rúmum og handklæðum. Þetta eru fín hús en enginn lúxus. Í hverju húsi er þurrkerbergi og baðherbergi með sturtu. Rafmagn er í húsunum. Ekkert símasamband er á svæðinu en það er WiFi í húsunum.

Matsveinninn er rússneskur og eldar þjóðlega rússneska rétti og notar í þá ýmislegt ferskt úr náttúrunni.



Ferðaplan

Þann 6. júní 2019 verður lagt af stað árla morguns frá Murmansk með litlum hópferðabíl og ekið í þrjár klukkustundir til Kandalaskha þar sem snæddur verður morgunverður. Því næst verður ekið í einn og hálfan tíma til viðbótar til bæjarins Umba þaðan sem flogið verður með þylu til Strelna Camp. Flugið tekur um eina og hálfu klukkustund. Í Strelna Camp verður snæddur hádegisverður og veitt í hálfan dag.

7. - 12. júní verður veitt eins og enginn sé morgundagurinn og er veiðitíminn frjáls.

Þann 13. júní mun þyrlan leggja af stað kl. 11:00 eftir morgunverð. Farið verður sömu leið til baka og gist eina nótt í Murmansk.

14. júní verður flogið heim, eða haldið til veiða í viku í Kola ánni fyrir þá sem það vilja.



Verð á mann er 3.700 evrur

Innifalið:

- Allur akstur til og frá Murmansk
- Þyrluflug til og frá Strelna Camp
- Gisting og þrjár máltíðir á dag
 - Veiðileyfi
 - Leiðsögn
 - Hótel í Murmansk
 - Flugubox frá Fish Partner
- Áfengi er ekki innifalið en er selt í búðunum á góðu verði

Frekari upplýsingar veitir Kristján Páll Rafnsson kristjan@fishpartner.com eða í síma **898-3946**